

Nd.

578. Nefndarálit

[187. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Stjórnarfrv. þetta er flutt, að sögn ríkisstjórnarinnar, til lausnar á kjaradeilu Félags ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiða h.f.

Samkv. frv. er gerðardómi ætlað að ákveða flugmönnum kaup og kjör, þ. á m. að setja fyrirmæli um vinnutíma.

Í umræðum þeim, sem þegar hafa farið fram á Alþingi um þetta frv., er ljóst orðið, að miklar líkur eru til þess, að R.R-400 flugvélar Loftleiða h.f. verði ekki starfræktar, þótt gerðardómur setji flugmönnum kaup og kjör. Þetta sést best á því, að flugmenn hafa lýst yfir m. a., að „flugmenn vilja ekki og munu ekki una því að taka laun fyrir starf sitt, nema skv. frjálsum samningum við vinnuveitendur sína.“ Það getur því svo farið, að deilan „leysist“, eins og ríkisstjórnin kallar það, með þessu frv., en flugvélnar hreyfist ekki þrátt fyrir það. Og hver yrði þá árangurinn fyrir deiluaðila? Margt bendir til þess, að þessi væntanlegu gerðardómslög eigi að nota sem fordæmi fyrir hliðstæðum aðgerðum í vinnudeilum síðar.

Samgmn. Nd. kom saman á fund kl. 11 árd. í dag til að ræða frv. Á þeim fundi mættu skv. ósk SE, RA og BP fulltrúar frá deiluaðilum, Félagi ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiðum h.f., svo og flugmálastjóri. létu þessir aðilar nefndarmönnum í té ýmsar upplýsingar í málinu. Ekki fengust þó upplýsingar um það, hversu hárrí upphæð í heild næmi mismunurinn á tilboðum deiluaðila, á ári, fyrir Loftleiðir h.f.

Á þessum fundi bar SE fram eftirfarandi tillögu: að umræðum á Alþingi um frv. verði frestað til næstk. mánudags, 3. maí, en deiluaðilar noti þann frest til samninga.

Fulltrúar flugmanna kváðu sig reiðubúna til að koma til samningafunda. Fulltrúar Loftleiða h.f. kváðust einnig reiðubúnir til samningatilauna, en töldu litlar líkur til, að þær bæru árangur. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í n. lýstu sig andvíga því, að þessi frestur á umræðum um málið yrði veittur.

Þá bar RA fram till. um það, að n. héldi annan fund um málið síðar í dag, þar sem flugmálastjóri mætti og léti n. í té upplýsingar um vinnutíma flugmanna, bæði hér og erlendis, en þær upplýsingar hafði flugmálastjóri ekki tiltækar á þessum fundi. Þessari till. synjuðu stuðningsmenn ríkisstj. í nefndinni, en lýstu sig samþykka frumv. óbreyttu.

Undirritaðir nm. líta svo á, að meiri hl. samgmn. hafi með þessu komið í veg fyrir, að reyndar yrðu nú samkomulagstilraunir með deiluaðilum, áður en gerðardómsfrv. ríkisstjórnarinnar yrði samþ. á Alþingi.

Af öllu þessu, svo og af samningatilaunum að undanfögnu, er sýnilegt, að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar leggja meira kapp á að setja gerðardómslög en að fá deiluna leysta með frjálsum samningum.

Undirritaður minni hl. samgmn. leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Sigurvin Einarsson, Ragnar Arnalds.
frsm.